

Skýringar með lyfjaverðskrá



Lyfjastofnun tekur ákvörðun um verð ávísunarskyldra lyfja og greiðslupátttöku í lyfjum hérlendis og annast útgáfu lyfjaverðskrár sbr. lyfjalög nr. 100/2020 og reglugerð nr. 1414/2020. Í lyfjaverðskrá eru sérlyf sem hafa markaðsleyfi á Íslandi og umboðsmaður hefur óskað eftir birtingu í sérlyfjaskrá og lyfjaverðskrá. Bæði er um að ræða mannalyf og dýralyf. Birting ávísunarskyldra lyfja í lyfjaverðskrá er skilyrði fyrir markaðssetningu á Íslandi. Í verðskránni eru auk þess upplýsingar um undanþágulyf.

Lyfjaverðskrá er gefin út mánaðarlega og tekur gildi fyrsta dag hvers mánaðar. Skráin er gefin út í vefþjónustum Lyfjastofnunar og á Excel formi.

Verð á lyfseðilsskyldum lyfjum og öllum dýralyfjum í skránni er gildandi hámarksverð í smásölu með 24% virðisaukaskatti. Undantekningin er að getnaðarvarnalyf í ATC flokkum G02BA, G02BB, G03AA, G03AB, G03AC, G03AD og G03HB sem falla í 11% virðisaukaskattflokk.

Upplýsingar um greiðslupátttöku Sjúkratrygginga Íslands (SÍ) í almennum lyfjum sem og upplýsingar um leyfisskyld lyf og greiðslupátttöku Landspítala koma fram í lyfjaverðskrá.

Lyfjastofnun annast útgáfu og birtingu skiptiskrár þar sem samheitalyfjum, líftæknilyfjahliðstæðum og lyfjum með sambærileg meðferðaráhrif er raðað saman. Skiptiskrá er óháð pakkningastærðum og aðgengileg í vefþjónustu auk þess sem hún er birt í sér dálki í Excel-skránni. Leyfisskyld lyf, undanþágulyf, forskriftarlyf og dýralyf eru ekki í skiptiskrá.

Hluta pakkninga innan sömu skiptiskrárflokka er raðað í viðmiðunarverðflokka til ákvörðunar greiðslupátttöku samkvæmt [verklagi um röðun í viðmiðunarverðflokka](#). Í skránni eru aðgengilegar upplýsingar um hvaða pakkningar apótek fá sérstaklega greitt fyrir að afgreiða þar sem þær eru innan 5% marka þeirra pakkninga sem ódýrastar eru innan hvers viðmiðunarverðflokks.

Verðlagning lyfja

A. Verðlagning lyfseðilsskyldra lyfja fyrir menn. Ofan á heilðsluverð og álagningu bætist 24% virðisaukaskattur fyrir öll lyf nema 11% fyrir getnaðarvarnaryf.

Eftirfarandi smásöluálagning gildir frá 1. október 2023:

Innkaupsverð apóteka	Smásöluálagning
0 – 4.999 kr.	20% + 1.181 kr.
5.000 – 19.999 kr.	14% + 1.454 kr.
20.000 – 99.999 kr.	2% + 3.538 kr.
> 100.000 kr.	0,3% + 6.670 kr.

B. Verðlagning dýralyfja. Ofan á heilðsluverð og álagningu bætist virðisaukaskattur.

Hámarks heilðsluverð	Smásöluálagning
0 – 2.500 kr.	58,5%
> 2.500 kr.	53% + 137,5 kr.

Einstakir flokkar dýralyfja:

	Hámarks heilðsluverð	Smásöluálagning
Ormalyf (ATC-flokkar QP51, QP52, QP53, QP54)	- " -	39%
QG03DAxx, m.a. Veramix vet.	- " -	39%
Bóluefni, QI nema eldisfiskur	- " -	39%
Sermi frá Keldum	- " -	39%
Lyf til meðferðar á eldisfiski	- " -	30%

Upplýsingar um greiðslupátttöku í lyfjaverðskrá

Pátttaka Sjúkratrygginga Íslands (SÍ) í lyfjakostnaði er skv. reglugerðum nr. 1143/2019 og nr. 1414/2020. Í lyfjaverðskrá birtast upplýsingar um hvort SÍ taka þátt í greiðslu viðkomandi lyfs sem og það verð sem SÍ miðar greiðslupátttöku við að teknu tilliti til afsláttar sem lyfsöluleyfishafi veitir við afgreiðslu lyfjaávisunar.

Greiðsla SÍ fyrir lyf miðast að hámarki við viðmiðunarverð, þar sem það á við, en annars við smásöluverð. Í þeim tilvikum, sem smásöluverð þess lyfs, sem ávísað er, er hærra en viðmiðunarverð lyfs, greiðir sjúkratryggður þann aukakostnað sem til fellur.

Í þeim tilvikum sem SÍ taka þátt í greiðslu lausasölulyfja þýðir verðið í verðdálki þá hámarks upphæð sem greiðslupátttakan miðast við.

Útskýringar á helstu merkingum í lyfjaverðskrá vegna greiðslupátttöku:

G - merkt lyf	Greiðsluhlutur SÍ	SÍ taka þátt í að greiða lyfið (almenn greiðslupátttaka).
0 - merkt lyf	Greiðsluhlutur SÍ	Ekki hefur verið sótt um greiðslupátttöku í lyfinu eða umsókn um greiðslupátttöku hefur verið hafnað.
E – merkt lyf	Ákvörðun LST um greiðslupátttöku	SÍ tekur þátt í einstaklingsbundinni greiðslupátttöku fyrir almennt lyf.
L/LG - merkt lyf*	Ákvörðun LST um greiðslupátttöku	Landspítali tekur þátt í greiðslu leyfisskylds lyf að fullu.

Varðandi upplýsingar um þrep í greiðslupátttöku í lyfjum er bent á [vefsíðu SÍ](#).

Skýringar á dálkum í lyfjaverðskrá á Excel-formi

Dálkheiti	Nánari lýsing	Veftenglar með nánari upplýsingum
Skráningardagsetning	Dagur sem lyfið birtist í lyfjaverðskrá	
Afskráningardagsetning	Dagur sem lyfið er afskráð. Sé annað ekki ákveðið er heimilt að hafa lyf á markaði í allt að 90 daga eftir að markaðsleyfi er útrunnið (sbr. 79.gr. reglugerðar 545/2018). SÍ heimilt að taka þátt í greiðslu ef lyfið er afgreitt úr apóteki í allt að 90 daga.	
Afgreiðslumáti	R = lyfseðilskylt L = lausasölulyf	
Skömmtunarmöguleikar	0 = óskilgreint 1 = má vélskammta 2 = eingöngu til vélskömmunar	
Öryggiskröfur LST	0 = ekki skilgreint 1 = sjá öryggisupplýsingar á vef Lyfjastofnunar eða í Sérlyfjaskrá.	Fræðslufni á vef Lyfjastofnunar
Sérfræðingur ávisar	0 = ekki skilgreint 1 = ávísun lyfsins er bundin við lækna með ákveðna sérmenntun/sérþekkingu, sjá nánar á vef Lyfjastofnunar eða í Sérlyfjaskrá.	Merking lyfja á vef Lyfjastofnunar
Greiðsluhlutur SÍ	0 = ekki almenn greiðslupátttaka í lyfinu G = Almenn greiðslupátttaka samþykkt	Verklag um greiðslupátttöku í almennum lyfjum
Sjúkrahúslyf	Dállkur ekki í notkun - Merking felld niður 1.1.2021	
Markaðsleyfishafi kóði	Kóði fyrir hvern markaðsleyfishafa.	
Dýralæknir ávisar	1 = Lyf sem eingöngu má nota handa dýrum þegar dýralæknir gefur þau sjálfur og eingöngu má afgreiða þau til dýralæknis eða umboðsmanns sem hann tilnefnir.	
Leyfisskyld lyf	1 = Leyfisskyld lyf Lyf sem eingöngu er heimilt að nota að undangengnu samþykki lyfjanefndar Landspítala, eru jafnan kostnaðarsöm eða vandmeðfarin og krefjast sérfræðipækningar og aðkomu heilbrigðisstarfsfólks hvort heldur er vegna gjafar, eftirlits með sjúklingi eða eftirlits með notkun lyfsins.	Verklag um flokkun lyfs sem leyfisskyld lyf
Tannlæknir ávisar	1 = lyf sem tannlæknum er heimilt að ávísa	Reglugerð um ávisanir tannlækna á lyf
Skammtur, hámark d	Dállkur ekki í notkun	
Viðmiðunargjaldmiðill	Dæmi: XEU = verð lyfsins er tengt við gengi Evru	
Hámarksheildsöluverð	Hæsta mögulega verð sem selja má viðkomandi pakkningu á í heildsölu. Ekki er heimilt að gefa afslætti af hámarksheildsöluverði. Verð er án vsk.	Vinnuregla um ákvörðun HHSV
Hámarkssmásöluverð	Hæsta mögulega verð viðkomandi pakkningar í smásölu. Heimilt er að gefa afslátt af hámarks smásöluverði. Verð er með vsk.	
Álagningarflokkur	lyfalmen = VSK 24% lyfalm11 = VSK 11% lyflausa = VSK 24% lyflau11 = VSK 11% lyfsjúkr = VSK 24% vetalmen = VSK 24% vetbolu = VSK 24% vetorma = VSK 24% veteldis = VSK 24%	

Dálkheiti	Nánari lýsing	Vef tenglar með nánari upplýsingar
Viðmiðunarverðflokkur	Lyfjastofnun raðar samheitalyfjum og lyfjum með sambærileg meðferðaráhrif í viðmiðunarverðflokka til ákvörðunar greiðsluþátttöku sjúkratrygginga	Verklag um röðun í viðmiðunarverðflokka
Viðmiðunarverð	Viðmiðunarverð viðmiðunarverðflokks, miðast við ódýrasta einingaverð í viðmiðunarflokknum.	
Greitt fyrir afgreiðslu	1 = lyfjabúð greitt fyrir útskipti, 0 = ekki greitt fyrir útskipti	
Einingarverð	Einingaverð pakkningar	
Staða lyfs	0 = ekki skilgreint 1 = frumlyf (reference medicine) 2 = samheitalyf (generic medicine) 3 = samhliða innflutt lyf (parallel imported medicine) 4 = Líftæknilyf (e. biologics) og hybrid (fyrst í viðkomandi ATC flokki) 5 = Líftæknilyfjahlíðstæða (e. biosimilars) og hybrid (ekki fyrst í viðkomandi ATC flokki) 6 = Samhliða innflutt líftæknilyf eða hliðstæða	
Heildarmagn	Heildarmagn í pakkningu	
Á undanþágulista	1 = Lyf sem verður að ávísa með undanþágulyfseðli	
DDD á pakkningu	Fjöldi dagskammta í pakkningunni. DDD er dagskammtaskilgreining WHO.	WHO ATC/DDD Index
Umboðsmanna heildsöluverð	Afsláttarverð umboðsmanns (þegar pakkning seld á lægra verði en hámarksheildsöluverð).	
Innkaupsverð apóteka	Verð frá heildsölu til smásala. Er annað hvort hámarksheildsöluverð eða afsláttarverð umboðsmanns þegar það verð er lægra en hámarksheildsöluverð.	
Greiðsluþátttökuverð	Hámarkssmáasöluverð	
Fellt úr lyfjaverðskrá vegna birgðaskorts	Dagur sem lyfið er fellt úr verðskrá skv. ákvörðun Lyfjastofnunar. Heildsölum er bannað að selja lyfið, SÍ er heimilt að taka þátt í greiðslu ef lyfið er afgreitt úr apóteki.	
Heildsali	1 = Distica 2 = Parlogis 3 = Lyfjaver 5 = Ísaga 6 = Fastus 7 = Heilsa	
H-merking Lyfjastofnunar	Markaðsleyfi lyfsins/pakkningarinnar er bundin við notkun á sjúkrahúsum/ heilbrigðis-stofnunum. Nær til lyfja sem notuð eru á heilbrigðisstofnunum, þar sem fyrir hendi er nauðsynleg þekking, aðstaða og búnaður sem er forsenda notkunar lyfjanna.	Merking lyfja á vef Lyfjastofnunar
Ákvörðun LST um greiðsluþátttöku*	0 = Ekki hefur verið sótt um greiðsluþátttöku eða hafnað G = Almenn greiðsluþátttaka E = Einstaklingsbundin greiðsluþátttaka (almenn lyf) LG = Greiðsluþátttaka í leyfisskyldu lyfi	Ákvarðanir um greiðsluþátttöku á vef Lyfjastofnunar
Ávana og fíknilyf	0 = Ekki ávana- og fíknilyf 1 = Eftirritunarskyllt ávana- og fíknilyf 2 = Ávana- og fíknilyf sem ekki er eftirritunarskyllt 3 = Magnháð eftirritunarskylda / Sjá sérlyfjaskrá	Upplýsingar um leyfilegt hámarks magn í sérlyfjaskrá . Sjá einnig lista á vefsíðu Lyfjastofnunar .
Ávana og fíknilyf magn	Autt = engin takmörkun, ef takmörkun á magni þá t.d. 20/30/100	
Ávana og fíknilyf eining magns	Autt = engin takmörkun, ef takmörkun á magni þág t.d. dagar/töflur/lykjur	
Hjúkrunarfræðingar / ljósmæður, heimild til ávísunar	0 = má ekki ávísa viðkomandi lyfi 1 = má ávísa (skv. 2. mgr. 48.gr. lyfjalaga um ávísanir getnaðarvararlyfja)	
Skiptiskrá	Skiptiskrárflokkur fyrir almenn markaðssett lyf fyrir menn. Lyfjastofnun raðar samheitalyfjum og lyfjum með sambærileg meðferðaráhrif saman í skiptiskrá.	

*Til stendur að uppfæra dálkinn „Ákvörðun LST um greiðsluþátttöku“ með upplýsingum um ákvarðanir Lyfjastofnunar um greiðsluþátttöku, t.d. hvað varðar E- og LG-merkingu.

Takmarkanir vegna forskriftarlyfja lækna og undanþágulyfja í lyfjaverðskrá:

- A. Í lyfjaverðskrá gildir fyrir eftirfarandi undanþágulyf þegar kóðinn „3“ er í dálkinum „ávana- og fíknilyf“:
- 983371 Co-Dafalgan töflur 530 mg: Sjá Parkodin forte í sérlyfjaskrá**
983652 Paralgin forte eþst. 530 mg : Sjá Parkodin forte í sérlyfjaskrá
- B. Í lyfjaverðskrá gildir fyrir eftirfarandi forskrifarlyf lækna þegar kóðinn „3“ er í dálkinum „ávana- og fíknilyf“:
- 962234 Sem mixtúra – forskriftalyf:** Eftirritunarskyld.
962242 Sem mixtúra – forskriftalyf: Eftirritunarskyld ef ávísað er meira en 300 ml.
958126 Klóral mixtúra – forskriftalyf: Eftirritunarskyld.
- C. Einnig gildir fyrir eftirfarandi forskrifarlyf lækna:
- 968399 Dicykloverine hydrochloride - forskriftalyf:** Z-sérmerking, ávísun lyfsins er bundin við sérfræðinga í barnalækningum.
958126 Klóral mixtúra – forskriftarlyf: Notkun lyfsins er takmörkuð við heilbrigðisstofnanir.

Skammstafanir lyfjaforma**

Skammst.	Heiti	Skammst.	Heiti
aug.eydr	Augn- og eyrnadropar	mixtduft	Mixtúruduft
aug.eysm	Augn- og eyrnasmýrslí	mixtúra	Mixtúra
augndr	Augndropar	mixtúrud	Mixtúrudropar
augnfl	Augnflögur	mixtúruþ	Mistúruþykki
augngel	Augngel	munndr.k	Munndreifikygni
augnhl	Augnhlaup	munndr.t	Munndreifitöflur
augninnl	Augninnlegg	munnh.du	Munnholduft
augnskól	Augnskól	munnh.ge	Munnholsgel
augnsm	Augnsmýrslí	munnh.hl	Munnholshlaup
augnstl	Augnstungulyf	munnh.l	Munnholslausn
áburður	Áburður	munnh.pa	Munnholspasta
áhella	áhella	munnhúði	Munnhol súði
baðþ	Baðþykki	munntfl	Munnlausnartöflur
bl.lausn	Blettunarlausn	munnskól	Munnskól
blóð.sk	Blóðskilunarlausn	munnsmyr	Munnsmyrslí
bóluefni	Bóluefni	munnstfl	Munnsogstöflur
dr.kyrni	Dropakyrni	nefdr	Nefdropar
dreifit.	Dreifitöflur	nefduft	Nefduft
dropar	Dropar	nefsm	Nefsmýrslí
duft	Duft	nefúðað	Nefúðaduft
eimgjafa	Fyrir eimgjafa	nefúði	Nefúði
endaþ.dr	Endaþarmsdreifa	olía	olía
eyrnadr	Eyrnadropar	pasta	Pasta
eyrnahl	Eyrnahlaup	past-inn	Pasta til inntöku
eyrnaúði	Eyrnaúði	pillur	Pillur
eþ-froða	Endaþarmsfroða	pinni	Pinni (sleikjÓ)
eþ-gel	Endaþarmsgel	plástur	Plástur
eþ-krem	Endaþarmskrem	saft	Saft
eþ-lausn	Endaþarmslausn	sápa	Sápa
eþ-smyr	Endaþarmssmyrslí	sáralín	Sáralín
eþ-stíll	Endaþarmsstíll	sement	Sement
filmhtfl	Filmhúðaðar töflur	sh-hylki	Sýruhjúphyli
fleyti	Fleyti	sh-tfl	Sýruhjúptöflur
forbl	Forblanda	sjampó	Sjampó
forðahlk	Forðahylki	skammtar	Skammtar
forðakyr	Forðakyrni	sk-froða	Skeiðarfroða
forðakök	Forðakökur	sk-hlaup	Skeiðarhlaup
forðapl	Forðaplástur	sk-hring	Skeiðarhringur
forðatfl	Forðatöflur	sk-hylki	Skammtahylki
freyðik	Freyðikygni	sk-innl	Skeiðarinnlegg
freyðit	Freyðitöflur	sk-krem	Skeiðarkrem
frþ.tfl	Frostþurrkaðar töflur	skolvök	Skolvöki
frþlyf	Frostþurrkað lyf	sk-pokar	Skammtapokar
hálsband	Hálsband	sk-stíll	Skeiðarstíll
hársápa	Hársápa	sk-svamp	Skeiðarsvampur
hlaup	Hlaup	sk-tafla	Skeiðartafla
húðduft	Húðduft	sk-tfl	Skeiðartöflur
húðfl	Húðfleyti	smyrslí	Smyrslí
húðfroða	Húðfroða	sog/tugg	Sogtöflur/tuggutöflur
húðlausn	Húðlausn	sogtfl	Sogtöflur
húðpl.	Húðplástur	spenalyf	Spenalyf
húðst.pr	Húðstungupróf	spray	Spray
húðuðtfl	Húðuð tafla	sp-stíll	Spenastíll
húðuði	Húðuði	st/irþ	Stofn/innrennislíþykki

Skammst.	Heiti	Skammst.	Heiti
hylki	Hylki	std	Stungulyfsdreifa
innhl	Innhellislyf	stl	Stungulyf
innhl/tf	Innhellislyf og töflur	stl/irl	Stungulyf/innrennslisly
innsogsl	Innsogslyf	stl/irs	Stungulyf/innrennslisstofn
innúðadu	Innúðaduft	stl/irþ	Stungulyf/innrennslisþykkni
innúðal	Innúðalyf	stofn	Stofn
innö.gas	Innöndunargas	stráduft	Stráduft
innö.guf	Innöndunargufa	sts	Stungulyfsstofn
innönd.l	Innöndunarlyf	sts/irs	Stungulyfsstofn/innrennslissto
innönddr	Innöndunardreifa	stþ	Stungulyfsþykkni
innönddu	innöndunarduft	stþstofn	Stungulyfsþykknisstofn
innöndl	Innöndunarlausn	svampur	Svampur
irf	Innrennslisfleyti	sþ-hylki	Sýrupolið hylki
irl	Innrennslislyf	sþ-kyrni	magasýrupolið kyrni
irs	Innrennslisstofn	sþ-tfl	Sýrupolnartöflur
irþ	Innrennslisþykkni	tanndrei	Tanndreifa
irþstofn	Innrennslisþykknisstofn	tannlakk	Tannlakk
iös/sts	Innöndunarstofn/stungulyfstofn	tannpast	Tannpasta
ígr.sett	Ígræðsluset	thhlaup	Tannholdshlaup
kabipen	Kabipen	trefjad	Trefjaduft
krem	Krem	tuggutfl	Tuggutöflur
krem/sti	Krem/stíll	tungur.f	Tungurótarflögur
kvið.sk	Kviðskilunarlausn	tungur.t	Tungurórtartöflur
kyrnhyllk	Kyrni í hylkjum sem á að opna	tyggigúm	Tyggigúmmí
kyrni	Kyrni	töfl/kök	Töflur/kökur
kökur	Kökur	töflur	Töflur
lakk	Lakk	úðaáb	Úðaáburður
lausn	Lausn	úðalausn	Úðalausn
lausnard	Lausnardropar	úðalyf	Úðalyf
lausnart	Lausnartöflur	úðataeki	Úðataeki
lausnduf	Lausnarduft	úði	Úði
leginnle	Leggangainnlegg	vefjal.d	Vefjalímsduft
legghlaup	Leggangahlaup	vefjal.n	Vefjalímsnetja
legkrem	Leggangakrem	vefjalím	Vefjalím
legstíl	Leggangastíl	vefjalyf	vefjalyf
legtafla	Leggangatafla	vefjasv	Vefjasvampur
leysir	Leysir	vefjatfl	Vefjatöflur
ltb	Lausn til blóðsöfnunar	þvst	Þvagrásarstíll
ltm	Lausn til munnskólunar	þykkni	Þykkni
lyf.sápa	Lyfjasápa	þynnil	Þynnilausn
lyfjagas	Lyfjagas		
lykkja	Lykkja		
mixt.kyr	Mixtúrukyrni		

**Til stendur að uppfæra skammstafanir og heiti lyfjaforma í samræmi við [nýjar íslenskar þýðingar](#)

Dags. síðustu uppfærslu: 28. desember 2023